

## Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í ágúst 2023

## Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 11. september 2023

**Akureyri.** Samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands var ágúst sólríkur, hiti yfir meðallagi síðustu 10 ára og úrkoma einungis 70% af meðalúrkomu árána 1991–2020 en meirihluti úrkomunnar féll þann 27. ágúst. Einnig var mánuðurinn óvenju hægviðrasamur.


Heildarfrjöldi frjókorna í ágúst var 2237 frjó/m<sup>3</sup>, hátt yfir meðaltali árána 1998–2022 sem er 974 frjó/m<sup>3</sup>. Á þeim 26 árum sem mælingar hafa staðið yfir á Akureyri hafa aldrei áður mælst fleiri frjókorn í ágústmánuði. Tvisvar hafa frjókorn farið yfir 2000 í júlí, árin 2014 og 2017 og einu sinni í maí, árið 2017.

Frjókorn voru nær samfellt í lofti allan mánuðinn og voru þau flest þann 15. ágúst eða 469 frjó/m<sup>3</sup>. Fjöldi frjókorna fór níu sinnum yfir 100 frjó/m<sup>3</sup>, þar af einu sinnum yfir 400 frjó/m<sup>3</sup> og einu sinni yfir 300 frjó/m<sup>3</sup>.

Grasfrjó voru langalgengust frjókorna, 2193 frjó/m<sup>3</sup>, en meðaltal þeirra í ágúst er 899 frjó/m<sup>3</sup>. Þau voru 98% allra frjókorna í ágúst og fóru hæst í 469 frjó/m<sup>3</sup> þann 15. ágúst, eina tegundin sem mældist þann dag. Fá grasfrjó mældust í lofti síðustu fimm daga ágústmánaðar.

Súrufrjó mældust 11 frjó/m<sup>3</sup>, nálægt meðaltali súrufrjóa í ágúst sem er 10 frjó/m<sup>3</sup>.

Minna mældist af öðrum tegundum frjókorna.



Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í ágúst á Akureyri. Mest var af frjóum 15. ágúst eða 469 frjó/m<sup>3</sup>, allt grasfrjó. Súrufrjó mældust 11 frjó/m<sup>3</sup>, flest 8. ágúst eða 6 frjó/m<sup>3</sup>. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmslofti og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.




**Garðabær.** Samkvæmt Veðurstofu Íslands var hiti í ágúst yfir meðalhita síðustu 10 ára og sólskinsstundir margar. Mánuðurinn var frekar þurr, 90% af meðalúrkomu árána 1991–2020, og óvenju hægviðrasamur.

Heildarfjöldi frjókorna í ágúst í Garðabæ var 418 frjó/m<sup>3</sup>, rétt undir meðaltali fyrir ágúst sem er 434 frjó/m<sup>3</sup>. Þetta var því ekki metmánuður eins og á Akureyri. Frjó mældust flesta daga mánaðarins og tvisvar fór frjótakan yfir 50, hæst 10. ágúst þegar mældust 57 frjó/m<sup>3</sup>. Það voru aðallega grasfrjó sem mældust þann dag.

Langflest frjókornanna í ágúst voru grasfrjó, 359 frjó/m<sup>3</sup>, sem er nálægt meðaltalinu sem er 332 frjó/m<sup>3</sup>. Þau voru tæp 86% allra frjókorna í ágúst. Flest grasfrjó mældust 9. og 10. ágúst eða 52 frjó/m<sup>3</sup> báða dagana.

Súrufrjó voru fá eða 9 frjó/m<sup>3</sup>.

Af öðrum tegundum frjókorna mældist minna.



Myndritið sýnir gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í ágúst í Garðabæ. Mest var af frjóum þann 10. ágúst, 57 frjó/m<sup>3</sup>. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

*Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.*

Elly Guðjohnsen  
Líffræðingur

-----  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær

Sími/Tele: (354) 590 0500

Email: [elly@ni.is](mailto:elly@ni.is)

[www.ni.is](http://www.ni.is)

<https://www.ni.is/greinar/frjomaelingar>

<https://www.ni.is/rannsoknir/voktun-og-rannsoknir/frjomaelingar/frjomaelingar-birkifrjo>

<https://www.ni.is/rannsoknir/voktun-og-rannsoknir/frjomaelingar/frjomaelingar-grasfrjo>

<https://www.ni.is/node/28925> - frjókornaspá

